

Verkefni:	Stjórnarfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar:	11. október 2015
Tímasetning fundar:	kl. 15:30 - 16:30
Fundarstaður:	Kex hostel, Skúlagötu 28, Reykjavík

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Þórhildur Kristjánsdóttir	formaður	skype
Dagbjört Ottósdóttir	varaformaður	mætt
Kolbrún Halldórsdóttir	ritari	fjarverandi
Guðlaug Ásgeirsdóttir	gjaldkeri	mætt
Anna Lilja Ottósdóttir	meðstjórnandi	skype
Aðalheiður Gunnarsdóttir	vefstjóri	mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Aðalfundur 17. október 2016.**

Farið yfir ýmis mál fyrir aðalfundinn. KH og AO gefa ekki kost á sér áfram í aðalstjórn en eru tilbúnar til að sitja í varastjórn. Þórhildur gefur ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku er verður áfram í aðalstjórn. Dagbjört er tilbúin til að gefa kost á sér sem formaður, Anna Breiðfjörð Sigurðardóttir varamaður og Bryndís Bjarnarson úr Kvennakór Hornafjarðar gefa kost á sér í aðalstjórn og Una Þórey Sigurðardóttir verður áfram varamaður.

Ákveðið að leggja til við aðalfund að árgjöld verði hækkuð þannig að gjaldið verði 6000 kr. á kór og 300 kr. á konu. Einhverjir kórar hafa ekki enn greitt árgjaldið fyrir síðasta starfsár, GÁ ætlar að hafa samband við þá og athuga hver staðan er hjá þeim.

GÁ er að klára að ganga frá reikningum starfsársins og verður í sambandi við skoðunarmenn reikninga, þær Margréti Hreinsdóttur og Jónu Björg Kristinsdóttur til að fara yfir reikningana og athuga hvort þær eru tilbúnar til að vera áfram skoðunarmenn reikninga.

Frestur til að skila inn tilnefningum vegna heiðursviðurkenningar er til 13. október. Að honum liðnum mun AG senda allar tilnefningar til stjórnarkvenna og þær greiða síðan atkvæði.

Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum ætla DO og GÁ að segja frá ferð sinni á fund Norræna kvennakórasambandsins (NDN) sem var haldinn í Stokkhólmi í maí sl. og ræða norrænt kvennakórasamstarf.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 16:30.

Ritari fundargerðar: Aðalheiður Gunnarsdóttir.